

# Nesfréttir



MAÍ 2021 • 5. TBL. • 34. ÁRG. • [www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)

Erum einnig á [visir.is](http://visir.is)

Vesturbæjarútibú við Hagatorg



Félagstarf eldri borgara á Seltjarnarnesi er að fara af stað eftir langt hlé. Dagurinn hjá þeim byrjaði í kaffi og pönnsum í króknum og síðan jóga í salnum undir stjórn Öldu jógakennara. Allir bólusettir og glaðir með að fá að koma aftur saman eftir langa bið.

**Opið**  
**8-24**  
alla daga  
Á EIDISTORGI  
**HAGKAUP**

- Viðtal við  
Bjössu Sax  
- bls. 12-13



Erum á Óðinsgötu 1

Sjá nánar á [facebook.com/Systrasamlagid](https://facebook.com/Systrasamlagid)  
Netverslun: [systrasamlagid.is](http://systrasamlagid.is)



**Velkomin**  
**á Grandann**

Nú sækjum við og  
skilum bílnum



Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • [www.frumherji.is](http://www.frumherji.is) • Opið mánudaga–föstudaga kl 8–16:30

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:  
Virka daga: kl. 9-18  
Laugardaga: kl. 10-17

Reykjavíkur  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | [www.reyap.is](http://www.reyap.is) | [reyap@reyap.is](mailto:reyap@reyap.is)

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

# Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

## Leikskólinn

Húsnæði Leikskóla Seltjarnarness er sprungið. Fyrir nokkrum árum var sett upp laust einingarhúsnæði á lóð skólans til þess að bregðast við aðsteðjandi vanda.

Nú er svo komið að þetta viðbótarhúsnæði nægir ekki lengur svo að hægt verði að veita fleiri börnum leikskólapláss. Hugmyndir eru því að fjölga þessum einingastofum til bráðabirgða.

Vegna reynslu af bráðabirgðahúsnæðinu telur starfsfólk leikskólans þessa lausn ekki raunhæfa og hafa einhverjir haft á orði að leita sér að vinnu annars staðar.

Fyrir um tveimur árum var efnt til samkeppni um nýjan leikskóla á Seltjarnarnesi. Fjöldi tillaga barst og var ein þeirra verðlaunuð.

Um var að ræða tillögu að mjög vönduðum leikskóla og ljóst að um dýra framkvæmd yrði að ræða.

Skuldastaða Seltjarnarnesbær er ekki svo slæm miðað við önnur sveitarfélög og ætti því sveitarfélagið að geta hafið byggingu nýs leikskóla sem fyrst.

Tvennt virðist vera í stöðunni. Að hefja byggingu nýs leikskóla án tafar eða reisa fleiri bráðabirgðabyggingar þótt þær kunni að vera í óþökk starfsfólks og jafnvel foreldra. Verða fleiri bráðabirgðabyggingar lausnin?

## Fimm einbýlis- húsalóðir til sölu við Steinavör

- og ein einbýlishúsalóð við Hrólfsskálavör



Á myndinni má sjá yfir auða svæðið við Steinavör þar sem þessar lóðir eru.

Fimm einbýlishúsalóðir við Steinavör þar af tvær sjávarlóðir og einbýlishúsalóð við Hrólfsskálavör 1 á Seltjarnarnesi verða auglýstar til sölu nú um mánaðarmótin.

Þetta svæði hefur verið að mestu leyti óbyggt en lóðirnar voru í eigu Sigurðar Péturssonar menntaskólakennara sem bjó í gráa húsinu við Steinavör og lést á liðnu ári. Sigurður var sonur Péturs Sigurðssonar sjóliðsforingja og fyrrverandi forstjóra Landhelgisgæslunnar. Sé litið til verðmætis sjávarlóða má nær öruggt telja að um einhverjar verðmætustu lóðir hér á landi sé að ræða. Fasteignasalan Trausti mun sjá um sölnu á þessum lóðum.



KOMDU MEÐ BÍLINN  
Í TJÓNASKOÐUN

### Vottað réttinga- og málningarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



#### Tjónaskoðun

Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



#### Rétting og málning

Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins virkennend efni og tækjabúnað sem stentst ítrustu kröfur.



#### Framrúðuskipti

Skiptum um framrúður og önnumst annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt límdar rúður sem og aðrar, ásamt glerheinsun á bíl.



#### Smáviðgerðir

Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



Dragháls 6-8  
110 Reykjavík  
sími 567 0690  
netfang tjon@tjon.is  
www.tjon.is



The logo for VÍS, consisting of the letters 'VÍS' in a white, stylized font on a red square background.

# Látum öryggið passa

Er slökkvitækið komið út í skúr því það passar ekki við litinn á flísunum í forstofunni? Er búið að fela eldvarnarteppið því það skyggir á nýju kaffivélina? Málið er að ef svona öryggistæki passa ekki inni hjá okkur, þá eru þau ekki að passa upp á okkur. Horfðu aðeins í kringum þig - því við þurfum að breyta því hvernig við hugsum um svona græjur.

Fáðu innblástur á [vis.is](https://vis.is)

## Starfsfólk leikskóla Seltjarnarness

# Vill ekki meira bráðabirgðahúsnæði



Haustið 2018 var sett upp leikskólaaðstaða á Seltjarnarnesi. Hún var sett saman úr þrettán húseiningum af mismunandi stærðum alls rúmlega 300 fermetrar með skrifstofuaðstöðu. Nú er fyrirhugað að bæta við einingum til að geta tekið á móti fleiri börnum. Starfsfólk leikskólans vill ekki fleiri einingarhús.

Starfsfólk leikskóla Seltjarnarness vill ekki meira bráðabirgðahúsnæði. Það telur aðstöðu fyrir nemendur og starfsfólk leikskólans nú þegar af skornum skammti og þoli ekki frekari fjölgun leikskólabarna. Þetta kemur fram í bókun skólanefndar Seltjarnarness sem fram fór fyrir skömmu.

Í bókun skólanefndarinnar er þörfin á að hafist verði handa við byggingu nýs leikskóla ítrekuð svo horfa megi til lands í því að leysa þörf á húsnæði leikskólans til langs tíma. Fyrirhuguð frekari stækkun sé bráðabirgðalaun og útlit fyrir að

sama staða verði uppi á næsta ári við þörf á viðbótarplássi.

Minnihlutinn á Seltjarnarnesi segir í sinni bókun að húsnæði skólans sé löngu komið að þörmörkum og það sama eigi við um langlundargeð starfsfólks. „Fulltrúarnir skora á bæjarráð að virða óskir stjórnenda og starfsfólks leikskólans að ekki verði enn og aftur byggt við leikskólann. Hagsmunir barna leikskólans verða ekki tryggðir með því að þrengja enn frekar að vinnuaðstöðu og leikrými þeirra. Í staðinn óskum við eftir því að allur kraftur verði lagður í að flýta byggingu nýs leikskóla.“

## Minnihlutinn á Nesinu

# Uppsafnaður halli bæjarsjóðs 215 þúsund krónur á hvern íbúa



Ársreikningur Seltjarnarnesbæjar var til umræðu á fundi bæjarstjórnar nýlega. Þar kemur fram að A-hluti bæjarsjóðs hafi verið rekinn með 344 milljóna króna halla á síðasta ári. Viðreisn og Neslisti lögðu fram bókun á fundi bæjarstjórnar um ársreikning bæjarins fyrir árið 2020. Þau segja að það hafi verið viðbúið að tekjur myndu lækka vegna atvinnuleysis og að kostnaður myndi hækka en að fjárhagsniðurstaða ársins 2020 gefi ekki neitt tilefni til hróss.

„Sorgleg niðurstaða ársreikningsins fyrir 2020 er fyllilega á ábyrgð meiri-hluta bæjarstjórnar, sem neitar að horfast í augu við það að reksturinn er gamaldags, lélegur og keyrður áfram á skringilegri hugmynd um að hægt sé að veita nútímalega og vandaða þjónustu á sama tíma og Seltjarnarnes er einhvers konar skattaparadís,“ segir í bókun minnihlutans. Gagnrýnt er að þrátt fyrir 4,4 prósent aukningu útsvarstekna hafi A-hluti bæjarins verið rekinn með 344 milljóna króna halla á síðasta ári. Hallinn bætist við nánast stanslausan taprekstur frá árinu 2015 og er nú svo komið að uppsafnaður halli A-hluta bæjarsjóðs á þessu sex ára tímabili nemur ríflega milljarði króna sem þýði um 215 þúsund krónur á hvern íbúa.

# RECARO

## Barnabílstólar í úrvali



## BÍLASMIÐURINN HF

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - [www.bilasmidurinn.is](http://www.bilasmidurinn.is)

# FERSKUR FISKUR DAGLEGA

## MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100  
Símar 562-1070, 896-4243  
Opíð virka daga kl. 10 - 18:30







PRÓFKJÖR  
SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Í  
SUÐVESTURKJÖRDÆMI

**JÓN GUNNARSSON  
Í 2.SÆTIÐ**

**10.-12.JÚNÍ**

Fyrirverandi ráðherra, þingmaður  
og ritari Sjálfstæðisflokksins



**VIÐ ÞURFUM  
FRAMKVÆMDASTJÓRN  
Í LANDIÐ!**

# Varnarsigur og viðspyrna

**Rekstrarniðurstaða Seltjarnar-nesbæjar fyrir síðasta ár kann að hljóma illa en halli af rekstri bæjarins nam um 230 milljónum króna. Þetta eru vissulega vonbrigði. En ekki er allt sem sýnist. Þar kemur einkum tvennt til.**

Í fyrsta lagi þurfti bærinn að gjaldfæra hækkun á lífeyrisskuldbindingu uppá 226 milljónir króna. Þessi fjárhæð hefur ekki áhrif á sjóðstreymi bæjarins og er reiknuð árlega af tryggingastærðfræðingi. Í öðru lagi tók meirihluti Sjálfstæðismanna ákvörðun um að tryggja grunnþjónustu sem allra best vegna þeirra afleiðinga sem Covid-19 faraldurinn hafði í för með sér. Sá kostnaður og tekjutap nema um 160 milljónum króna í reikningum bæjarins. Í ljósi þessa er rekstrarniðurstaðan ásættanleg, ekki síst þar sem grunnrekstur bæjarins er kominn á réttan kjöl.

## Afleiðingar farsóttarinnar eru augljósar í ársreikningnum

Það kann að hljóma sem afsökun að skella skuldinni á Covid-19. Bæjarfélögum hefur farist það útspil misjafnlega úr hendi. Eins og oft áður eru slæmu fordæmin nærtæk. En í hverju felst aukinn kostnaður og tapaðar tekjur bæjarins? Stærstu liðirnir voru lokun sundlaugar (38 milljónir), aukaráðningar ungmenna í sumarstörf (28 milljónir), viðbótarmönnun í félagsþjónustu (22 milljónir), niðurfelling leikskóla- og frístundargjalda (14 milljónir) og kostnaður tengdur þrifum, mótuneytum og auka innlitum til eldri borgara (13 milljónir). Ofan á þetta lækkaði Jöfnunarsjóður framlög sín til bæjarins vegna tekjuskerðingar sjóðsins vegna Covid-19 um 42 milljónir króna. Samantekið eru

nettóáhrif af þessum liðum og nokkrum smærri um 160 milljónir króna eins og áður sagði. Er það raunverulega þetta sem minnihlutinn kallar sorglega og óábyrga rekstrarniðurstöðu? Hvað er það nákvæmlega sem þau hefðu viljað taka út af ofangreindu. Sumarstörfín? Aukavaktir í félagsþjónustu eða innlit til eldri borgara? Hafa opið í sundlauginni þó það væri bannað skv. reglugerð eða rukka gjöld fyrir lokaðan leikskóla?

## Staðreyndir um grunnreksturinn

Við lestur ársreikningsins blasir hins vegar það augljósa við. Í það minnsta ef fólk leiðir hjá sér æðibunugang og upphlaup minnihlutans sem malar skrattann á vegginn útaf bókhaldslegum uppreikningi á lífeyrisskuld uppá 226 milljónir sem er reiknuð stærð

og hefur ekkert með reksturinn á síðasta ári að gera. Skatttekjur hækkuðu um 4,4%. Laun, langstærsti útgjaldaliður bæjarins (57% af tekjum) hækkuðu um 3,9%. Og

annar rekstrarkostnaður hækkaði um einungis 2,7%. Hvað blasir við úr slíku reikningsdæmi? Grunnreksturinn er í góðu jafnvægi. Veltufé frá rekstri er jákvætt um 253 milljónir en sú stærð sýnir þá fjármunamyndun sem á sér stað í rekstri bæjarins. Handbært fé frá rekstri er á sama tíma 328 milljónir en það segir til um holmagn bæjarins til að borga af lánum og ráðast í fjárfestingar. Nettófjárfestingar bæjarins námu um 260 milljónum króna og engin



**Magnús Örn Guðmundsson.**

## Séreignar- sparnaður er launahækkun

Séreignarsparnaður er frábær leið til þess að spara fyrir framtíðinni. Sumarlaunin þín hækka með mótframlagi frá vinnuveitanda.

Kynntu þér málið á [landsbankinn.is](http://landsbankinn.is)



ný langtímalán voru tekin. Þetta er nú öll óreiðan! Og hver eru viðbrögð minnihlutans? Að fara auðveldu leiðina þegar gefur á bátinn og stinga uppá hækkun skatta og auknum lántökum. Aftur eru fordæmin nærtæk í nágrenninu og þau ber að varast. Reksturinn er hvorki lélegur né ósjálfbær og alls ekki sorglegur eins og heyrst hefur frá minnihlutanum. Sá málf lutningur stenst ekki skoðun og er óásættanlegur. Vert er að minnast þess að á árinu 2019 var afgangur af rekstri bæjarins og stefndi því augljóslega í gott síðasta ár áður en farsóttin kom.

### En hver á að borga skuldinar?

Sífelld stagi um skuldir Seltjarnarnesbæjar heldur áfram. Fjárhagsstaða bæjarins er mjög sterk og er raunar grunnur að frekari uppbyggingu. Eins og áður sagði voru engin ný langtímalán tekin á síðasta ári. Langtímaskuldir bæjarins námu í loks síðasta árs um 2.770 milljónum króna og lækkuðu um 40 milljónir milli ára. Skuldaviðmið bæjarins er 67%

en hámarkshlutfall samkvæmt lögum er 150%. Af tæplega 2,8 milljarða króna langtímaskuldum er rúmlega 1 milljarður færður á móti sem eign hjá ríkinu vegna hjúkrunarheimilisins Seltjarnar. Þetta stendur í ársreikningnum sama hvað minnihlutinn í bæjarstjórn vill þvæla lengi með þetta. Á sama hátt stendur í skýringum með ársreikningnum, en ekki er fært sem eign vegna reikningskilastaðla, að Reykjavíkurborg skuldar og greiðir Seltirningum á næstu 20 árum um 600 milljónir króna vegna leigugreiðslna af fimleikahúsinu. Þetta þýðir að í raun skuldar bærinn ekki nema 1,2 milljarða í langtímaskuldir vegna þess að 1,6 milljarðar af 2,8 milljörðum eru greiddir af ríki og borg. Það sem er auðvitað merkilegast í þessu er að Seltjarnarnesbær á bæði mannvirkin enda var gengið kyrfilega um hnútana af hálfu bæjarins í þessum stóru málum.

### Úr vörn í sókn með skynsemi að leiðarljósi

Rekstrarniðurstaða bæjar-

ins, á tímum þeirra efna-hagserfiðleika sem dundu yfir á síðasta ári, er varnarsigur og ekkert annað. Það hvarflaði ekki að Sjálfstæðismönnum á Seltjarnarnesi að fara inni baráttuna við Covid-19 með það eitt að vopni að hækka skatta á íbúana. Fyrir greiða Seltirningar þriðja hæsta útsvar á landinu skv. opinberum tölum. Eftir aðgerðir síðustu missera stöndum við vel að vígi. Sjálfstæðismenn hér í bæ hafa borið gæfu til þess að vinna hlutina af yfirvegum, ábyrgð og skynsemi. Það hefur ekkert breyst.

Erfiðri varnarbaráttu er senn að ljúka og byrjað er að byggja upp í sókn. Yfir því er hægt að gleðjast. Næst á dagskrá eru íbúðakjarni fyrir fatlaða og nýr leikskóli en hér fjölga brátt íbúum verulega. Ný byggð rís við Gróttu, Gróttubýggð, og framundan eru tækifæri og bjartir tímar. En þeir koma ekki að sjálfu sér frekar en fyrri daginn.

*Magnús Örn Guðmundsson  
Formaður bæjarráðs og  
forseti bæjarstjórnar*

Símahulstur og veski fyrir flestar gerðir farsíma




**AUKAHLUTIR**  
netverslun

við eigum skjávarnir fyrir flestar gerðir farsíma

aukahlutir.is

- skiljum ekkert eftir

- mold
- trjágreinir
- gras
- illgresi og arfi
- blómaafskurður

en ekkert plast - takk!

## Garðaúrgangsgámur

verður til staðar hjá

**ORKUNNI**

**Suðurströnd - Seltjarnarnesi**

allan júnímánuð

NÝTUM **ORKUNA**



í að FLOKKA

  
terra



# AS WE GROW

Umhverfivæn íslensk hönnun



WWW.ASWEGWOW.IS  
GARÐASTRÆTI 2 REYKJAVÍK



Þarna er nýja gönguleiðin við Eiðistorgið.

## Framkvæmdum lokið við Eiðistorg

Framkvæmdum er lokið við Eiðistorg. Ný gönguljós hafa verið sett um á öðrum og öruggari stað við Nesveginn. Ekki er lengur hægt að aka beint frá Suðurmýri inn á Eiðistorgið auk þess sem búið er að ganga frá göngubraut í gegnum bílastæðið að torginu frá Mýrinni og Nesveginum.

Hraðamerkingum hefur verið breytt í 15 km/klst. sem og settar nýjar og skýrar merkingar við bílastæðin næst Hagkaupum ásamt árekstrarvörnum. Umferð gangandi vegfarenda á því að vera orðin mun öruggari eins og stefnt var að með framkvæmdunum.



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is  
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN





# SUMARDAGSKRÁ 2021

## Yfirstandandi samsýning á HönnunarMars í Gallerí Gróttu



**HUGGULEGT LÍF MEÐ LÚKA** – Brynhildur Þórðardóttir sýnir umhverfsvænan og sjálfbæran húsbúnað. Vörurnar eru framleiddar úr náttúrulegum hráefnum á borð við birki, eik, ull og pappír en einnig stáli, steypu og gleri.

**MAGAMÁL** - Helga Hrönn Þorleifsdóttir og Ingibjörg Ósk Þorvaldsdóttir sýna keramiklínu sína sem unnin er úr svörtum leir með innblástur frá íslenskrri náttúru og veðráttu. Þetta eru handunnin og handmáluð matarilát sem samanstanda af diskum, skálum, fötum og bökkum ýmiskonar.

Sýningin stendur til 5. júní 2021



## Sumarlestur 1. júní – 31. ágúst

### Komdu á bókasafnið og skráðu þig í sumarlestur!

Bókasafnið stendur fyrir lestrarátaki í allt sumar og eru börn á aldrinum **5-12 ára** hvött til að taka þátt. Börnin fá sérstaka **lestrardagbók** þar sem hægt er að halda utan um lesturinn og við hverja bókasafnsheimsókn er stimplað í bókina. Að auki er hægt að fylla út og skila inn **lestrarHAPPAmiða** fyrir hverja lesna bók. Úr miðunum er dregið alla föstudaga og nokkrir heppnir lesendur fá **verðlaun** í hvert sinn.

Sumarlestri lýkur með uppskeruhátíð þar sem veittar verða viðurkenningar og verðlaun!



## Sýningaropnanir í sumar í Gallerí Gróttu



**10. júní - Árni Árnason** opnar ljósmyndasýningu Úrval mynda af algengum fuglum í íslenskrri náttúru.



**26. ágúst - Sigurður Angantýsson** Hólm myndlistamaður opnar sýningu Stórbrotin landslagsverk.



## Verið velkomin

### Breytt barna- og unglingadeild

Velkomin að eiga notalega stund í barna- og unglingadeild safnsins með kósý sófum, teikniborði og nýju flæði á milli svæða.



**FÖSTUDAGINN 28. MAÍ LOKAR SAFNIÐ KL.13 VEGNA STARFSMANNADAGS.**

Opnunartími: Mán. - fim. 10-18.30 og fös. 10-17.

Lokað á laugardögum í sumar (júní, júlí, ágúst)

Sími: 5959-170, Netfang: bokasafn@seltjarnarnes.is Bókasafn Seltjarnarness



**Bókasafn  
Seltjarnarness**

# SKARTAÐU ÞÍNU FEGURSTA Á BRÚÐKAUPS DAGINN



**aurum**

BY

**GUÐBJÖRG**

Bankastræti 4 | 101 Reykjavík

FRÍ HEIMSENDING af [www.is.aurum.is](http://www.is.aurum.is)





- Aurum hefur allt frá stofnun árið 1999 lagt mikla áherslu á ánægju viðskiptavina sinna.
- Höfum allt frá upphafi notað umhverfisvænar umbúðir.
- Við notum eingöngu endurunna eðalmálma í okkar skartgripum.
- Notum umhverfisvæna demanta (lap grown diamonds).
- Bjóðum 5 ára ábyrgð af okkar skarti.

# Ég vissi strax að þetta væri hljóðfæri fyrir mig

**B**jörn Ionut Kristinsson tónlistarmaður, betur þekktur sem Bjössí Sax var útnefndur bæjarlistamaður Seltjarnarness 2021. Bjössí hefur spilað á saxafón frá unga aldri og náð að margra dómi einstökum tókum á hljóðfærinu. Hann fann áhugann á saxófóninum þegar hann var barn að aldri að horfa á Disney þátt í sjónvarpinu þar sem leikið var á saxófón. Bjössí hefur tónlistina greinilega í blóðinu. Á auðvelt með að grípa laglinur og lög og túlka í gegnum saxófóninn. Bjössí er alin upp á Seltjarnarnesi frá sex ára aldri. Foreldrar hans eru Kristinn Haukur Skarphéðinsson náttúrufræðingur og Unnur Steina Björnsdóttir lækni. Bjössí ber nafn afa síns í móðurætt dr. Björns Sigurbjörnssonar sem var aðstoðarforstjóri sameiginlegrar deildar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar í Vínarborg og er talinn einn af frumkvöðlum grænu byltingarinnar. Dr. Björn gegndi síðar stöðu ráðuneytisstjóra í landbúnaðarráðuneytinu. Björn Ionut Kristinsson eða Bjössí sax settist niður hjá Hjördísi í Bike Cafe í Skerjafirði og spjallaði við Nesfréttir fyrir skömmu.



Björn Ionut Kristinsson tónlistarmaður og bæjarlistamaður Seltjarnarness 2021.

Bjössí er fremur dökkur á hörund, dökkhærður og ber erlent millinafn. Spurning vaknar hvaðan þetta nafn er komið. Hann er ekki seinn til svars og lýsir uppruna sínum. „Ég er frá Rúmeníu. Ionut er dregið af rúmenska nafninu Ion sem er sama nafn og Jón hér á landi. Ég var ættleiddur þegar ég var níu mánaða og flutti þá með foreldrum mínum í Vesturbæinn. Fyrst á Ægissíðuna og síðar á Seltjarnarnes. Þannig er að móðurafi minn sem ég heiti eftir var vísindamaður og diplómat og starfaði um tíma í Vínarborg. Þar kynntist hann manni frá Rúmeníu sem hét Kristian Hera og þeim varð vel til vana. Foreldrar mínir voru einhverju sinni stódd hjá afa og ömmu í Austurríki og voru í boði þar sem Kristian Hera var einnig. Foreldrar mínir voru barnlaus og farin að huga að mögulegri ættleiðingu. Þarna berst í tal að dóttir þessa vinar afa væri

starfandi á barnaheimili í Búkarest. Mamma lagði við hlustir og hún og pabbi urðu strax áhugasöm. Gat verið að þar væri að finna barn sem vantaði fösturfóreltra. Hún sagði við afa að hann þyrfti ekki að spyrja að þessu strax í boðinu en hann beið ekkert með það. Kristian fór síðan að færa þetta í tal við dóttur sína og fljótlega var ljóst að hún var með dreng á fyrsta ári sem sem þarfnaðist foreldra. Þessi drengur er ég - Ionut. Mamma fór síðan til Rúmeníu en ættleiðingin tók smá tíma. Strangar reglur giltu um ættleiðingar í Rúmeníu og þegar finna þurfti barni nýja foreldra áttu heimamenn forgang. Þau urðu því að bíða í tvo mánuði eftir að forgangstíminn rynni út og að niðurstaða fengist. Þá biðu þau ekki boðanna og ég var níu mánaða þegar ég kom með þeim hingað til lands. Búinn að eignast foreldra til frambúðar. Þess vegna á ég eiginlega tvö afmæli. Ég

er fæddur í maí 1994 og svo er hitt afmælið mitt þegar ég kem í hendur mómmu og pabba.“

## Sá saxófónleikarann í Disney mynd og heillaðist

„Mér er sagt að ég hafi fljótt orðið sprelligosi og fljóttur að svara fyrir mig. Stundum að ybba gogg eins og sagt er á góðri íslensku. Ég mun hafa verið þrjú ára þegar ég var í klippingu hjá hárgreiðslukonu. Hún var eitthvað að spá í klippinguna og hafði orð á að ég væri sætur. Og ekki stóð á svarinu hjá mér sem var „þú ert líka ágæt“. En kannski var ég bara gamall í mér svona alveg frá byrjun. Ég byrjaði líka fljótt að spila. Tónlistin fór að skjóta rötum í hausnum á mér. Björn afi var líka oft heima hjá okkur á Ægissíðunni. Hann er tónelskur og oft að spila á píanóið. Ég lærði fyrstu píanógripin hjá honum. Ég var snemma farinn

að spila svona geggjuð lög eins og Summertime og Papermoon. Þetta hefur alltaf verið í hausnum á mér. Það er líka svolítið skemmtileg saga um hvernig ég uppgötvaði saxófóninn. Ég var sex ára og sat með systur minni sem einnig er ættleidd frá Rúmeníu þótt við séum ekki blóðskyld fyrir framan sjónvarpið. Vorum að horfa á barnaefni frá Disney. Það var ákveðið jólabema í þættinum sem fór fram á skautasvelli. Listskautarnir voru í búningum úr ýmsum Disney ævintýrum. Þar á meðal Mikka mús, Guffa og Fríðu og Dýrinu. Á miðju svellinu var maður í hvítum og rauðum jakkafötum og lék á saxófón. Hann var að spila Have Yourself A Merry Little Christmas í algjörum djassflíngi. Þetta var alveg fánalega flott og ég varð alveg heillaður og hugsaði stöðugt um saxófóninn. Hann væri hljóðfæri fyrir mig. Mamma komst ekki hjá því að taka eftir þessum óvænta áhuga mínum á saxófóninum og ákvað á endanum að gera eitthvað í málinu. Frændi okkar Páll Bragi Hólmarsson er hrossabóndi fyrir austan fjall. Mamma vissi að hann átti saxófón. Ég var um tíu ára aldur þegar hún ákvað að við færum að heimsækja Palla frænda og að ég fengi að líta á saxófóninn. Ekki stóð á því. Hann náði í hljóðfærið og leyfði mér að skoða og einnig að prufa að blása. Þarna varð ekki aftur snúið. Skömmu síðar fór ég að læra á þetta hljóðfæri hjá Lárusi Grímssyni og síðar hjá Hauki Gröndal. Þarna varð Bjössí sax raunverulega til.“

## Fluttu á Nesið út af mér

„Það var mín vegna sem mamma og pabbi ákváðu að flytja á Seltjarnarnes. Þau höfðu kynnst kennara sem heitir Regína Höskuldsdóttir og starfaði við Mýrarhúsaskóla eða Mýró eins og Seltirningar kalla hann. Mamma var búin að reyna fyrir sér annars staðar en það gekk ekki. Regína tók mér vel og ég settist á skólabeck í Mýró. Þetta varð til þess að þau ákváðu að flytja á Seltjarnarnes á Vesturströnd 27 þaðan sem þau hafa ekki farið síðan. Skólaganga mín var þó enginn dans á rósum,“ heldur Bjössí áfram. „Ég þjáðist af aðskilnaðarkvíða þannig að erfitt



gat verið að skilja mig eftir. Ég hékk í bílnum þegar farið var með mig í skólann og annað var eftir því. Ég var líka með tengslaröskun og lenti fljótt upp á kant við krakka. Þetta var erfitt og ég skipti oft um skóla. Eftir að ég hætti í Mýró var mér komið fyrir í Valdorfsskólanum í Mosfellsbæ. Ég var þar í viku. Það gekk ekki. Síðar fór ég í Landakotsskóla. Átti stöðugt í samskiptaerfiðleikum og var lagður í einelti. Krakkar börðu mig. Fötin mín voru tekin. Ég var læstur inn í skáp og annað var eftir því. Ég kynntist þó ekki þeim hlutum sem hafa verið í hásmáli um þann skóla. Það eru eldri mál. Ég endaði í Suðurhlíðaskóla. Þar toldi ég illa í tímum. Fór oft úr skólastofunni og var mikið inn á kennarastofu. En mér leið vel þar. Aðskilnaðarkvíðinn fylgdi mér. Ég fékk botnlangabólgu og þurfti í aðgerð á spítala. Af því botnlanginn var sprunginn varð ég að dvelja í nokkra daga á spítalanum meðan ég var að jafna mig. Eitt sinn þegar pabbi var nýfarinn frá mér fann ég að ég gat ekki verið einn inn í herbergi. Ég spurði hjúkrunarkonu hvort ég mætti fara fram. Og ég fór lengra en fram á ganginn. Ég fór út úr húsinu og labbaði úr Fossvoginum upp í



Bjössí Sax að spila á saxófóninn.

Suðurhlíðar. Í slopp og með nálna í handleggnum. Ég var eins og gaurinn í Englar alheimsins. En mér þótti vænt um Suðurhlíðaskólann.“

### Söng sem Röbert bangsi

„Ég útskrifaðist úr FÍH 2018 eftir fimm ára nám. Það er eiginlega eina útskriftin sem ég á að baki. Þarna var ég kominn í nám sem átti við mig. Ég hef starfað við þetta síðan. Unnið með ýmsum. Spilað meðal annars á Hressó og svo hef ég túrað um Ísland.“ Bjössí hefur líka sungið. Hann tók meðal annars nokkur lög í þáttum Ingó á Stöð 2 fyrr á þessu ári. En hefur hann sungið lengi. „Ég söng eitt sinn sem Röbert Bangsi. Ætli ég hafi ekki verið 10 ára. Svo hef ég líka verið í söng hjá Maríu Björk.“ En er Bjössí einn. „Já, ég hef trúlega verið svo upptekinn af tónlistinni að ég hef ekki gefið mér tíma í annað. En ég ætti kannski að fara að líta í kringum mig. Maður veit aldrei hvað leynist þarna úti.“ Þarna er hamborgarinn hennar Dísu í Bike Cafe búinn og á sama augnabliki hringir síminn hans Bjössá. Hann er þotinn. Verkefnin bíða.

**Kjötkompaní GRANDI**

**GRILLUM OG NJÓTUM**

Hafnarfirði & Grandi

www.kjotkompani.is ☎ 578 9700 ✉ kjotkompani@kjotkompani.is 📘 kjotkompani

# Endurreisnin hafin

- eftir Jón Gunnarsson

Það deila fáir um að viðbrögð ríkisstjórnarinnar við afleiðingum kórónuveirufaraldursins fyrir almenning og atvinnulíf hafa skilað miklum árangri. Fjölmargar aðgerðir til stuðnings fólki og fyrirtækjum hafa létt byrðarnar og langt grunn að öflugri endurreisn efnahagslífsins, þegar jákvæðar afleiðingar bólusetninga blasa hvarvetna við.

Viðbrögð markaðarins við minnkandi ferðatakmörkunum á landamærunum hafa ekki látið á sér standa. Vaxtarkippur er hafinn í ferðaþjónustunni og bjartsýni fer vaxandi og smitar út frá sér, fyrirtækin eru farin að ráða starfsfólk og hjólin farin að snúast á nýjan leik, hægt í fyrstu en vonandi með vaxandi hraða þegar líður á sumarið. Ekki verður annað séð en að endurreisnin sé hafin.

Þetta eru jákvæðar fréttir og afleiðing af skynsamlegri hagstjórn fjármálaráðherra sem fer fyrir efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar. Sú öfluga viðspyrna sem stjórnvöld hafa veitt í kórónuveirukreppunni, hefði ekki verið möguleg nema fyrir sterka stöðu ríkissjóðs sem lotið hefur stjórn fjármálaráðherra og formanns Sjálfstæðisflokksins nær samfelt frá árinu 2013.

Það vekur hins vegar bæði undrun og vorkunnsemi að fylgjast með tilraunum stjórnarandstöðunnar til að fóta sig á þessu svelli, en til að gera stutta sögu enn styttri, þá hafa tillögur hennar verið vandræðalegar í einu orði sagt. Innistæðulaust orðagjálfur að mestu, í bland við upphrópanir og yfirboð. Engar tillögur að raunhæfum lausnum, aðeins ábyrgðarlaus tal.

Það er óvenjulegt að í því ástandi sem við höfum búið við undanfarið hálf tannað ár, að verðbólgan er farin að láta á sér kræla. Seðlabankinn hefur brugðist við með hækkan stýrivaxta bankans. Orsaka verðbólgunnar er að finna í lækkan gengings krónunnar vegna samdráttar í útflutningi, minnkandi vöruframboði á erlendum mörkuðum vegna veirunnar og síðast en ekki síst hækkan fasteignaverðs, einkum vegna heimatilbúinna aðstæðna. Tvennt hið fyrrnefnda mun ganga til baka í takti við rénun faraldursins. Þriðja ástæðan er heimatilbúin.

Það hefur ríkt spenna á fasteignamarkaði undanfarið og eftirspurn meiri en framboð. Reyndar er mjög jákvætt þegar þær aðstæður eru skapaðar á markaði að ungu fólki er gert mögulegt að kaupa sína fyrstu íbúð, líkt og gerst hefur undanfarið. Það er séreignarstefna Sjálfstæðisflokksins í hnotskurn. Það er hins vegar ekki bara gagnrýnisvert, heldur óboðlegt með öllu hvernig Reykjavíkurborg hefur haldið á lóða- og skipulagsmálum undanfarin ár.

Það hefur sem betur fer kveðið við annað tón í þessum málum í sveitarfélögunum hér í Kraganum. Segja má að lóðaframboð í Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði og Mosfellsbæ hafi bjargað því sem bjargað varð í þessum málaflokki, þótt fjarríki hafi verið að tekist hafi að fylla í það stóra skarð sem yfirvöld í Reykjavík skildu eftir sig. Vart þarf að minna á að það er Sjálfstæðisflokkurinn sem er við stjórnvölinn í öllum þessum sveitarfélögum.

Reykjavíkurborg hefur leynt og ljóst unnið að því að þetta byggð og útrýma grænum svæðum innan borgarinnar og alls ekki sinnt þeirri skyldu sinni að hafa ávallt nægt framboð af nýjum byggingalóðum. Gjoreyðingarstefna borgarinnar gagnvart grænum útivistarsvæðum víðsvegar í borgarlandinu skerðir ekki aðeins lífsgæði þeirra íbúa sem fyrir eru á þessum svæðum, hún stórhækkar einnig íbúðaverð sem er mikið áhyggjuefni. "Nýjar" byggingalóðir inni í grónum hverfum leiða til stórhækkandi íbúðaverðs. Á meðan eru ódýrari byggingarlönd á jaðarsvæðum ónýtt. Afleiðingin er sú að íbúðaverð rýkur upp. Þegar ungt fólk hefur síðan fjármagnað íbúðakaup að mestu með lánsfé eins og eðlilegt er með fyrstu kaupendum, þá er sá hópur í einstaklega viðkvæmri stöðu þegar vextir hækka um leið og verð íbúða er áfram á hraðri uppleið.

Því miður er verðbólguvandinn að þessu leyti heimatilbúinn. Þar bera borgaryfirvöld mikla ábyrgð. Þar ráða vinstri menn ríkjum með Viðreisnarhækjuna sér við hlið, eins og kunnugt er.

Höfundur óskar eftir stuðningi í 2. sætið í próffjöri Sjálfstæðisflokksins í Kraganum dagana 10. – 12. júní.



Jón Gunnarsson.

 **HÚSAVIÐGERÐIR.IS**

**ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR**

**Hafðu samband  
Við skoðum og gerum tilboð!**

**[www.husavidgerdir.is/hafa-samband](http://www.husavidgerdir.is/hafa-samband)  
[info@husavidgerdir.is](mailto:info@husavidgerdir.is) - Sími 565-7070**



 Finndu okkur á Facebook



**[www.systrasamlagid.is](http://www.systrasamlagid.is)**

**ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS**

Auðbrekku 1, Kópavogi



**ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA**

Símar allan sólarhringinn:

**581 3300 & 896 8242**

**Komum heim til aðstandenda og  
ræðum skipulag útfarar ef óskað er**



Sverrir Einarsson

**[www.utforin.is](http://www.utforin.is)**



Jóhanna Eiríksdóttir

**ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR**

**[www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is) • Símar: 565 5892 & 896 8242**



**Grant Thornton**

**Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf**

**[www.grantthornton.is](http://www.grantthornton.is)**

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bætrrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.



AAAAAAAAATSSJÚÚÚ!



# Of mikið sumar?

**Flyynise** – 24 klukkustunda virkni við ofnæmi

Flyynise filmuhúðaðar töflur innihalda 5 mg af virka efni desloratadíni og er ofnæmislyf sem er ætlað til meðferðar á einkennum ofnæmiskvefs og ofsakláða. Flyynise er ætlað fullorðnum og unglíngum 12 ára og eldri og er áhrifaríkt við að draga úr einkennum ofnæmiskvefs eins og hnerra, nefrennsli og kláða í nefi, ásamt augnkláða, tárarennisli og roða í augum og kláða í efri góm. Lyfið er til inntöku og á að gleypa töfluna heila. Kynnið ykkur notkunarleiðbeiningar, varnaðarorð og frábendingar áður en lyfið er notað. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á [www.serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is)  
Markaðsleyfishafi Actavis Group PTC ehf.

teva



# SUMARIÐ ER TÍMINN!



**Sumardrykkirnir 2021**  
Fáðu þér súperumardrykk  
í Systrasamlaginu.  
Ískaldur maccha, krækiberja-,  
bláberjalatté eða heslihnetukaffi?

**Wild Grace**  
Einstök húðvara. Í anda ayurveda.  
Dýpt og næring fyrir þína húðgerð.



**Einstakur kósýfatnaður**  
Falleg hönnun fyrir jóga  
og lífið.



**Hugleiðslupúðar**  
Ekki bara hugleiðslupúði heldur  
líka fallegt húsgagn.



**Umhverfisvænar korkjógavörur**  
Sterkar og fallegar. Asanas tengja þig við náttúruna.



Afgreiðslutími:  
Mán: 11-16  
Þri-fös: 11-18  
Lau: 11-16

ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK  
systrasamlagid.is  
@systrasamlagid  
Sími: 511 6367

## Seltirningar, til hamingju með endurgreiðsluna frá skattinum

Þann 1. júní njóta Seltirningar þeirrar sérstöðu að fá endurgreiðslu frá skattinum. Hér er ekki um neina smá aura að ræða, því um það bil 180 milljónir króna eru þá lagðar inn á bankareikninga Seltirninga. En hvernig stendur á þessari endurgreiðslu til Seltirninga ár eftir ár?



Örn Viðar  
Skúlason.

Í stuttu máli er það þannig að fyrirtækjum og stofnunum ber að draga tekjuskatt frá launatekjum starfsmanna og skila honum í ríkissjóð. Þetta þekkjum við. Þessar skattgreiðslur fara að mestu leyti til ríkisins, en hluti þeirra fer einnig til sveitarfélaga í formi útsvars. Við útreikning á þeim sköttum sem dregin eru af launum okkar um hver mánaðamót má ekki taka tillit til útsvarsprósentu sveitarfélaga og því er dregið sama hlutfallið af öllum landsmönnum, miðað við hæsta leyfilega útsvar sveitarfélaga.

Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaga, en sveitarfélögin hafa ákveðið svigrúm til að ákveða hversu hátt útsvar þau leggja á íbúa sína. Lögum samkvæmt verður útsvarið að vera á bilinu 12,44%-14,52%. Flest sveitarfélög landsins eru með útsvarsprósentu sína í lögbundnu hámarki á meðan útsvarið á Seltjarnanesi er með því lægsta sem þekktist eða 13,7%.

Það er þessi munur sem skilar sér inn á bankareikninga Seltirninga þann 1. júní og er eins og áður segir umtalsverð upphæð. Nágrannar okkar í Reykjavík fá til dæmis ekki slíka endurgreiðslu, enda er Reykjavík undir forystu Samfylkingar og Viðreisnar með útsvarið í hámarki eða 14,52%.

Það hefur verið skýr stefna Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnanesi að hafa álögur á íbúa sem lægstar ásamt því að sýna ráðdeild í rekstri. Seltirningar búa því við eina lægstu útsvarsprósentu sem þekktist í landinu og hvað lægstu fasteignagjöldin. Engu að síður njóta fjölskyldur á Seltjarnanesi einna hæstu tómsundastyrkja.

Með ákveðinni einföldun gætu Seltirningar spurt sjálfa sig: „Hvað ætti ég að gera við peningana sem Sjálfstæðisflokkurinn á Seltjarnanesi tryggði mér?“ Ég er viss um að Seltirningar nýta þessa sendingu vel, en sjálfur ætla ég að nýta mína endurgreiðslu til ferðalaga innanlands.

Ég segi því bara takk fyrir mig.

Örn Viðar Skúlason,  
formaður Sjálfstæðisfélags Seltirninga

## BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK



# MotorMax

## Smurstöð

### Opnunartímar

Virka daga 07:45 til 17:00

**ENGAR  
TÍMAPANTANIR!**

Motormax er þjónustufyrirtæki í glæsilegu húsnæði að Vatnagörðum 12.

Við leggjum áherslu á smurþjónustu og bílaprif. Renndu við engar tímabantanir í smurþjónustu.

Tímabókanir fyrir bílaprif í síma 545 4040 og á: [motormax@motormax.is](mailto:motormax@motormax.is)



Motormax ehf.  
Vatnagörðum 12  
Sími: 545 4040

[motormax@motormax.is](mailto:motormax@motormax.is)

# Björg gaf hátalara og heyrnartól



Hér er Björg ásamt sonum sínum.

Björg Ólafsdóttir íbúi á hjúkrunarheimilinu Seltjörn varð 100 ára þann 19. mars sl. Í tilefni af því vildi hún færa heimilinu gjöf sem glatt gæti alla heimilismenn. Fyrir valinu varð þráðlaus hátalari, tegund Bose ásamt þráðlausu heyrnartóli og hljóðnema.

Tækin munu koma að góðum notum við t.d. upplestur, tónleika, messur og aðra viðburði. Hljómgæði hátalarans eru afar góð og tækin þægileg í notkun og auðvelt er að taka þau með um húsið. Þess má geta að Björg er talin vera fyrsti plötusnúður á Íslandi, en hún þeytti skífum á Hótel Borg fyrir yfirmenn í bandaríska setuliðinu á stríðsárunum. Bæði íbúar og starfsfólk Seltjarnar eru afar þakklát fyrir þessa rausnarlegu gjöf og færa Björgu og fjölskyldu hennar bestu þakkir.



Björg að tala í nýju græjunar en hún er talin vera fyrsti plötusnúðurinn á Íslandi.

## BÓKAÐ MÁL



### Gestir

Einhver hóar í mig á horninu á Suðurströnd og Kirkjubraut. Það eru túristar. Getur það verið? *Do you know the way to Grotta-lighthouse please?* Þetta er eins og að rekast á gamla vini og mig langar mest að faðma þau en ég bendi bara. *Thank you so much*, segja þau og ég gleymi alveg að nú er varptími og lokað út í Gróttu.

Ferðafólkið er farið að láta sjá sig og nærvera þess gefur sterklega til kynna að lífið sé að færast í eðlilegt horf. Nú er túristinn vorboðinn okkar ljúfi.

Erlendir gestir hafa löngum verið mikilvægir fyrir sjálfsmynd þjóðarinnar. Hvernig komum við þeim fyrir sjónir? Hefur einhver áhuga á okkur og okkar veruleika?

Já, svo virðist óneitanlega vera. Íslandsáhugi útlenskra er síður en svo nýtilkominn og erlendir rithöfundar hafa t.a.m. gert landið að yrkisefni sínu oft en margir vita og eru sjónarhorn bókmenntanna margvísleg.

Sem dæmi má nefna ferðabókina *Letters from Iceland* eftir enska ljóðskáldið W.H. Auden og ferðafélaga hans frá 1937 þar sem landi og þjóð er lýst í lausu og bundnu máli. Í formála nýrrar útgáfu árið 1967 dáið Auden að breytingunum sem hafa átt sér stað á Íslandi á þrjátíu árum og ritar að þó svo að steypa, stál og gler séu ekki í neinu upphaldi hjá honum séu þau ívið betri en eintómar bárujárnsplötur.

Og í minningabókinni *M train* frá 2015 rifjar rokkskáldið Patti Smith upp þegar hún dæmdi á skákmóti í Reykjavík og söng gamla slagara á næturfundi með Bobby Fischer í morgunverðarsalnum á Hótel Borg.

Þegar við lesum skrif sem þessi framandgerist það sem við þekkjum. Hið hversdagslega verður ævintýrlegt og við öðlumst nýja sýn á landið okkar.

Það er því óskandi að *farðagarnir* framundan og sumarið á eftir verði gjöful, ekki bara fyrir þjóðarhaginn heldur líka þjóðarsálina í formi ferðasagna og skáldskapar. Þá getum við haldið áfram að spegla okkur í glöggum gestsaugum.

TRYGGVI STEINN STURLUSON

Bókavörður á Bókasafni Seltjarnarness

## FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 11-16  
alla virka daga

*Verið velkomin*

**Bergsteinar**  
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, [www.bergsteinar.is](http://www.bergsteinar.is)





Þekking á sögu lands og þjóðar

Þekking á erlendri sögu og alþjóðamálum

Þekking á efnahags- og skattamálum

Þekking á fjármálamarkaði

Þekking á erlendum samskiptum

Þekking á málefnum þeirra er minna mega sín

Þor til að taka afstöðu í erfiðum málum

*Vilhjálmur Björnsson*

## Félags- og tómstundastarf eldri bæjarbúa

# Handverk

## opnar vinnustofur

### 29. og 30. maí

Laugardaginn 29. maí og sunnudaginn 30. maí frá kl. 13.00 - 18.00 verður handverkssýning á Skólabraut þar verður til sýnis leir, bókband og almenn handavinna og á neðri hæð félagsheimilisins verður til sýnis glerlist og glerbræðsla og vinna í leir og roð.

Sýningin í ár verður með annarri nálgun en tíðkast hefur fram að þessu og er það vegna þeirra aðstæðna sem öllum er ljós. Að þessu sinni verða vinnustofur námskeiðanna og handverksins opnar á ofangreindum stöðum þar sem fólk er gefinn kostur á að sjá og kynna sér aðstöðu og vinnuaðferðir þátttakenda bæði á verkum sem eru enn í vinnslu og fullkláruð. Einnig vonast félagstarf eldri borgara til að hafa opið kaffihús og vöflur eins og venja hefur verið á Skólabrautinni og sölubása. Fólk er hvatt fólk til að fjölmenna þar sem allir eru hjartanlega velkomnir og ýmislegt áhugavert að sjá.



## Eignaumsjón

### 20 ára þekking og reynsla!

- » Gott viðmót
- » Fagleg þekking
- » Skilvirkar lausnir
- » Gagnsæjar upplýsingar
- » Hlutlaus og fagleg nálgun



• EIGNAumsjón

20  
ára

Suðurlandsbraut 30  
108 Reykjavík  
Sími 585 4800  
thjonusta@eignaumsjon.is  
eignaumsjon.is

## FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRI BÆJARBÚA

Nú þegar allt okkar eldra fólk hefur fengið fulla bólusetningu vegna covid-19 þá getum við nú farið að gefa okkur svolítið frjálssari taum hvað varðar almenn samskipti og samveru og horfum því björtum augum fram á við. Á sumarmánuðum ætlum við að halda úti ákveðinni dagskrá hér í félags og tómstundastarfi á Nesinu sem við vonum að fólk sýni áhuga á.

### GÖNGUR OG GAMAN

Í sumar ætlum við að heimsækja nokkur svæði á höfuðborgarsvæðinu sem bjóða bæði upp á að fólk geti tekið sér göngutúr um svæðið og einnig fyrir þá sem vilja taka það rólega og bara njóta þess að vera með. Fyrir valinu eru staðir þar sem hægt verður að tilla sér niður og jafnvel að veitingastaður sé á eða nálægt svæðinu. Ferðirnar verða mjög frjálssar fyrir hvern og einn sem ræður sinni göngu. Til stendur að stoppa c.a. 2. klst. á viðkomandi svæði. **Ferðirnar eru þátttakendum að kostnaðarlausu.**

Ef veitingahús er á staðnum þá geta þeir sem vilja verslað sér veitingar. Búið verur að láta vita af komu hópsins á hverjum stað. Ekki verða sérstakir leiðsögumenn í þessum ferðu. Fyrirhugaðir áfangastaðir og dagsetningar:

- KLAMBRATÚN / KJARVALSSTAÐIR - ÞRIÐJUDAGINN 1. JÚNÍ.
- GRASAGARÐURINN LAUGARDAL / CAFÉ FLORA - ÞRIÐJUDAGINN 15. JÚNÍ.
- ÖSKJUHLÍÐ / NAUTHÓLL EÐA BRAGGINN - ÞRIÐJUDAGINN 13. JÚLÍ.
- HELLISGERÐI HAFNARFIRÐI / SÚFISTINN KAFFIHÚS - ÞRIÐJUDAGINN 27. JÚLÍ.

Ath. Skráning er nauðsynleg í þessar ferðir til þess að hægt sé að panta rútu í hæfilegri stærð og liggja skráningarblöð og nánari upplýsingar frammi á Skólabraut og Eiðismýri og einnig má senda póst á kristin.hannedottir@seltjarnarnes.is eða hringja í síma 8939800.

### FÖGNUM SUMRI / GRILLVAGNINN

Komum saman, kynnumst, spjöllum og höfum gaman saman.

**Fimmtudaginn 3. júní kl. 18.00** ætlum við að koma saman í salnum á Skólabraut og fagna sumri og kveðja liðna mánuði. Syngjum og dönsjum. Grillvagninn mætir á svæðið og býður upp á kræsingar. Gos, léttvín og bjór selt gegn vægu gjaldi. Skráningarblöð liggja frammi á Skólabraut og Eiðismýri. Einnig má hafa samband í síma og með tölvupósti. Síðasti skráningardagur er mánudagur 1. júní. Verð kr. 5.000.-

### SUMARFERÐ??

**LANGJÖKULL / SUMARFERÐ FIMMTUDAGINN 24. JÚNÍ.**

ERUM AÐ KANNA ÁHUGA Á DAGSFERÐ MEÐ LEIÐSÖGN Í FERÐ Á LANGJÖKUL. ÁHUGASAMIR ERU BEÐNIR AÐ HAFNA SAMBAND VIÐ KRISTÍNU Í SÍMA 8939800 EÐA SENDA PÓST Á kristin.hannedottir@seltjarnarnes.is

### STARFIÐ Í SUMAR

Ýmisleg annað verður á döfinni í sumar, einhver námskeið í tölvum og snjalltækjum, það verður mikið þúttáð, spilað og sprellað því nú í byrjun júní fáum við til liðs við okkur ungmenni úr sumarskólanum sem koma til með að starfa með okkur fram í ágúst. Hvet alla til að fylgjast með dagskránni á fb síðunni eldri bæjarbúa á Seltjarnarnesi, hér í Nesfréttum en hér setjum við inn fréttir í hverjum mánuði og inni síðu bæjarins, (Aldraðir, félagslíf) og í Morgunblaðinu bæði blaða og netútgáfu. (fólkið og félagsstarf). Einnig liggur dagskráin alltaf frammi í aðstöðu félagsstarfsins á Skólabraut 3-5 alla virka daga.



Hvetjum fólk til þátttöku í sumar og einnig minnum við á að alltaf geta orðið breytingar á dagsetningum þannig að nauðsynlegt er að fylgjast vel með.

Nesfréttir [www.borgarblod.is](http://www.borgarblod.is)




Tækniskóli ungra fólksins  
12-16 ára

# Ljósmyndun



# Fatasaumur



# Tæknihönnun



# Forritun í Unity 3D





## Gróttukrakkar stóðu sig vel á Cheeriosmóttinu

Sjöundi og sjötti flokkur kvenna og sjöundi flokkur karla stóðu sig vel á Cheeriosmóttu Víkings.

Sjötti flokkur kvenna lék á Cheerios móti Víkings sunnudaginn 9. maí. Stelpurnar áttu góða ferð í Fossvoginn en Gróttu fór með fjögur lið á mótið og stóðu stelpurnar sig gríðarlega vel. Sjöundi flokkur karla og kvenna spilaði á móttinu helgina 15. og 16. maí í sól og blíðu í Fossvoginum. 7. flokkur kvenna var með fjögur lið á móttinu og 7. flokkur karla fór með sex lið. Krakkarnir stóðu sig með eindæmum vel á móttinu og fóru heim með bros á vör og Cheerios pakka í farteskinu.

## Hákon til Svíþjóðar í sumar

Knattspyrnudeild Gróttu hefur náð samkomulagi við IF Elfsborg um að Hákon Rafn Valdimarsson markvörður gangi til liðs við sænska úrvalsdeildarliðið í félagaskiptaglugganum í sumar, að uppfylltum nánari skilmálum samningsins.

Hákon er 19 ára gamall en þrátt fyrir ungan aldur hefur hann verið aðalmarkvörður Gróttu undanfarin þrjú tímabil. Hákon spilaði sinn fyrsta leik fyrir Gróttu árið 2017 en hann á að baki 61 leik fyrir félagið og hefur leikið í þremur efstu deildum með liðinu. Auk þess hefur Hákon leikið með U-19 ára landsliðinu sem og U-18 ára og var einnig í lokahópi U21-árs landsliðsins sem tók þátt á EM í mars síðastliðnum.

Knattspyrnudeild Gróttu óskar Hákonni innilega til hamingju með samninginn og hlakkar til að fylgjast með ævintýrum hans í Svíþjóð á komandi misserum.



## Tvö námskeið í stubbafimi í vetur



Áhugasamir stubbar teygja úr sér í stubbafiminni.

Síðasti tíminn í stubbafimi í vetur var laugardaginn 15. maí en haldin voru tvö námskeið á tímabilinu, eitt á haustönn og annað á vorönn.

Stubbafimi er fyrir yngstu iðkendur okkar eða tveggja til fjögurra ára. Þau hafa staðið sig ótrúlega vel á þessum skrítnu covid vetri en börnin mættu án foreldra í tímana. Þjálfarar tóku á móti þeim í anddyrinu, aðstoðu þau

við að fara úr útigallanum og gera sig tilbúin á fimleikaæfingu, og skiluðu þeim að lok æfingar aftur til foreldra fyrir utan. Við þökkum þjálfurum, foreldrum og stubbum kærlega fyrir veturinn og óskum þeim gleðilegs sumars og vonum að stubbarnir vaxi og dafni í sól og sumaryl. Skráning í fimleikana fyrir næsta vetur hefst að öllu óbreyttu þann 1. júní.



## Aðalfundur Gróttu

Aðalfundur deilda og ráða Íþróttafélagsins Gróttu fóru fram fimmtudaginn 29. apríl síðastliðinn og að þessu sinni voru fundirnir rafrænir vegna Covid ástandsins.

Sigrún Edda Jónsdóttir hélt um fundarstjórnina en fundurinn hófst með skýrslu Braga Björnssonar, formanns aðalstjórnar og í kjölfarið komu formenn deilda og ráða í pontu og fóru yfir starfið á árinu 2020. Því næst var farið yfir rekstrarniðurstöður ársins en reksturinn gekk afar vel á árinu og hefur rekstur félagsins almennt verið í góðu jafnvægi á árinu 2020.

Fjalar Sigurðsson hélt utan um tæknistjórnina og sá til þess að rafræni fundurinn gekk án áfalla.

GETRAUNANÚMER GRÓTTU

# 170

GETRAUNIR.IS



# Spurningakeppni Valhúsaskóla

Nemendur í Valhúsaskóla vorum í lestrarátaki í febrúar og mars og endaði átakið á spurningakeppni. Allir bekkir fengu sömu 7 bækurnar til að lesa og báru ábyrgð á að svara spurningum úr bókunum saman. Spurningakeppnin var á bókasafninu og var útsláttarkeppni.

Byrjað var fyrir páska á keppninni og komust 10. KLV, 9. RMÓ, 8. BDM og 7. SF í undanúrslit. Úrslitin fóru fram eftir páska og voru það 7. SF og 9. RMÓ sem kepptu til úrslita. 7. SF gerði sér lítið fyrir og sigraði keppnina og fékk í verðlaun pítsuveislu fyrir bekkinn í hádegjnu eða í umsjónartíma.

Þetta er í fyrsta skipti sem keppnina er haldin en líklegt er að hún verði árlegur viðburður í Való þar sem flestir skemmtu sér vel og sýndu lestrinum áhuga.



# SUMARNÁMSKEIÐ

31. MAÍ - 25. JÚNÍ

Takmarkað pláss!  
INNRIÐUN HEFST 10. MAÍ

COMMERCIAL | JAZZ | CONTEMPORARY  
LYRICAL | MUSICAL THEATRE

WWW.DANSSKOLIBB.IS

DANSSKÓLI BIRNU BJÖRNS  

## 2. sæti

# Bryndís Haraldsdóttir

í prófkjöri  
Sjálfstæðisflokks  
í Suðvesturkjördæmi  
10-12 júní nk.

